

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9.1.2018
Sísnr:	1801 286
Mál:	130.4



Hafnarfjarðarkaupstaður
Ráðhús Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsactisraduneyti.is

Reykjavík 31. desember 2017
Tilv.: FOR17120173/9.1.3

Efni: Umsókn um stofnun fasteignar (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Heiti fasteignar: Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands.

Landsvæði það sem hér óskast stofnað er þjóðlenda, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2004, dags. 31. maí 2006 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 768/2009, dags 11. nóvember 2010. Um hana fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Umrædd þjóðlenda er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. S-1/2011, dags. 20. júní 2014 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 862/2016, dags. 16. nóvember 2017.

Landeigandi: Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998.

Kennitala: 540269-6459.

Fyrirsvarsmaður: Forsætisráðherra, skv. d-lið, 5. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr.84/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Skýring og fyrirvarar:

Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands er þjóðlenda:

Frá Markkrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markkrakagili í Undirhlíðum.

Fyrir hönd ráðherra

Regína Sigurðardóttir
Regína Sigurðardóttir


Sigurður Örn Guðleifsson

7. ÚRSKURÐARORÐ⁷⁰⁰

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Sýslusteini austan Lyklafells eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapolli meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, ræður upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf í, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í Þríhnjúka og áfram í Bláffjallahorn. Síðan eftir hæstu tindum Bláffjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein.

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna, nú Seltjarnarneskaupstað, Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almennings-skóga Álftaness), er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláffjallahorn. Frá Bláffjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áður nefnt Húsfell.

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, nú Garðabæ, Hafnarfirði og sveitarfélaginu Álftanesi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands, sem er til meðferðar í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

⁷⁰⁰ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.